

*Alþingi*  
*Erindi nr. p 135/2737*  
*komudagur 14.5.2008*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
nefndarritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 09. maí 2008  
2008050007/42-1-1  
sb/gg

Umsögn Náttúrufræðistofnunar um Frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð, 554. mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint mál. Fiskræktarsjóður hefur hingað til verið starfsræktur á grunni laga nr. 70/1970 um lax- og silungsveiði.

Náttúrufræðistofnun er hlynnt því að sérstök lög séu sett um Fiskræktarsjóð, en leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

1. Í athugasemdum við frumvarpið segir að ein af ástæðum þess að það er lagt fram, séu vaxandi áhyggjur af Íslenskum laxastofnum, vegna þess að flestir aðrir laxastofnar í Norður-Atlantshafi hafi orðið fyrir stórfelldu hruni. Af þessu og öðrum skýringum við frumvarpið má ráða að meginhvati þess sé að stuðla að skynsamlegri nýtingu og verndun villtra stofna í ám og vötnum. Lagt er því til að 1. gr., frumvarpsins taki þetta skýrt og ótvírætt fram og að í enda 1 gr. verði bætt við eftirfarandi texta: ... “og tryggja sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda.”

2. Engin rök er færð fyrir því að stjórnin sé skipuð fulltrúa frá Landsambandi fiskeldisstöðva, enda segir í athugasemdum við frumvarpið að sjóðurinn “dragi úr eða hætti stuðningi við fiskeldi” auk þess sem ekki verður séð að fiskeldisstöðvar greiði í sjóðinn. Einnig má benda á að eldisfiskar hafa t.d. í Noregi valdið erfðamengum í villtum laxfiskum og eru ein af mörgum skýringum á hruni villtra stofna. Hinsvegar virðast augljós rök fyrir því skipta út fulltrúa Landssambands fiskeldisstöðva og að í staðinn komi einn fulltrúi fyrir óháð rannsóknarsjónarmið, t.d. frá Háskóla Íslands eða sambærilegri stofnun. Gert er ráð fyrir að Landssamband veiðifélaga hafi tvo stjórnarmenn og ekki eru heldur færð nein rök fyrir svo mörgum fulltrúum. Það myndi hinsvegar styrkja trúverðugleika stjórnarinnar og tryggja málefnalegri afgreiðslu umsókna ef öðrum fulltúra Landssambands veiðifélaga yrði skipt út fyrir fulltrúa umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið, t.d. frá Umhverfisstofnun eða sambærilegum aðila.

3. Meinleg villa virðist hafa læðst í frumvarpið í 2. gr. en þar segir í lið c. að “stjórnin taki ákvörðun um úthlutanir og útgjöld skv. 7. gr.” Hér hlýtur að vera átt við 8. gr. en ekki þá 7.

4. Samkvæmt 8. grein frumvarpsins er það einhliða ákvörðun stjórnar, að ákveða lána- og úthlutunarreglur, þótt frumvarpið geri ráð fyrir að hagsmunaaðilar skipi fjóra af fimm stjórnarmönnum, og sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytið oddamann. Náttúrufræðistofnun

telur að kveða þurfi mun skýrar á um hvers konar verkefni sjóðurinn styrkir, t.d. að þriðjungi af ráðstöfunarfé sjóðsins skuli varið til rannsókna og vöktunar á lífríki/umhverfi í ám og vötnum, o.s.frv.

5. Samkvæmt 8 gr. hefur Fiskræktarsjóður heimild til að afla umsagnar Matvælastofnunar um láns- eða styrkumsóknir. Þetta er alltof losaralegt ákvæði og Náttúrufræðistofnun leggur til að Fiskræktarsjóður verði skyldaður til að leita umsagnar Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar, og fleiri fagaðila eftir eðli verkefnis sem er styrkt.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst gegn samþykkt þessa frumvarps, nema því verði breytt í samræmi við ofangreindar athugasemdir.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson  
Staðgengill forstjóra